

Miðvikudaginn 12. maí 1937.

Nr. 6/1937. **Ingvar Guðmundsson** (sjálfur)
gegn

lögreglustjóranum í Reykjavík f. h.
ríkissjóðs (Stefán Jóh. Stefánsson).

Ákvæði um stundarsakir í bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934 ekki talin brjóta í bág við stjórnarskrána. Krafa mjólkurframleiðanda á hendur ríkissjóði vegna framkvæmda téðra bráðabirgðalaga ekki tekin til greina.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 24. júlí 1936: Stefnur, lögreglustjóri Reykjavíkur, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingvars Guðmundssonar, í máli þessu. Stefnandi greiði stefndum kr. 25.00 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 18. jan. þ. á., og gert þær dómkröfur, að í dómi þessum verði látið svo um mælt, að það sé brot á atvinnufrelsinu, að hann var sviptur markaði fyrir mjólk sína í Reykjavík á tímabilinu frá 29. október 1934 og til loka þess árs, að honum vegna markaðsskerðingar verði dæmdar kr. 96.00 í skaðabætur fyrir sölubannið um áminnt tímabil, að honum verði dæmdar kr. 27.36, sem sé söluverð mjólkur þeirrar, er lögregla Reykjavíkur tók af honum dagana 29., 30. og 31. október 1934, og enn fremur að honum verði dæmdir 5% ársvextir af hvorritveggju greindri fjárhæð frá 19. marz 1936 og til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndur hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Svo sem ráða má af kröfugerð áfrýjanda, styður hann skaðabótakröfu sína í fyrsta lagi við það, að ákvæði um stundarsakir í bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. verði ekki samþýdd 64. gr. stjórnarskrárinnar. Rök hans í þessu efni eru þau, að með greindu ákvæði bráðabirgðalaganna hafi söluheimild á mjólk verið einskorðuð við mjög takmörkuð svæði og atvinnufrelsi mjólkurframleiðenda þar með skert að miklu leyti. Nú verði samkvæmt 64. gr. stjórnarskrárinnar slíkar hömlur því aðeins lagðar á atvinnufrelsi manna, að almenningsheill krefji, en ekki komi til greina að telja, að skilyrði þessu hafi hér verið fullnægt. Á þessa röksemdafærslu áfrýjanda verður ekki fallizt. Almenni löggjafinn hefir metið ráðstafanir þær, sem hér um ræðir, til almenningsheilla, og getur í máli þessu ekki orðið haggað við því mati. Þá verður heldur ekki talið, að áfrýjanda komi að haldi sú röksemd, að ákvæði bráðabirgðalaganna um stundarsakir brjóti í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Áfrýjandi hefir að öðrum þræði haldið því fram málstað sínum til framdráttar, að bráðabirgðalögin hafi ekki verið komin til framkvæmda á þeim tíma, sem hann miðar skaðabótakröfu sína við. Bendir hann á í því sambandi, að verðjöfnunarsvæði samkvæmt bráðabirgðalögunum hafi ekki verið ákveðin fyrr en þann 3. des. 1934 og að mjólkursamsala hafi ekki verið starfrækt fyrr en eftir áramót 1934—35. Gegn þessu er það upplýst, að ákvæðin

um stundarsakir í bráðabirgðalögum voru framkvæmd þegar frá gildistöku laganna, enda engin heimild til þess að fresta framkvæmd áminnztra ákvæða, og það getur í þessu efni engu breytt, þótt einhverjum ákvæðum bráðabirgðalaganna kunnir ekki að hafa verið beitt þegar frá öndverðu.

Með því að áfrýjanda var þannig samkvæmt ákvæðum um stundarsakir í bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934 óheimilt að selja mjólk sína ógerilsneydda beint til neytenda í Reykjavík á þeim tíma, sem hér er um að tefla, þá leiðir af því, að lögreglunni var heimilt að stemma stigu fyrir möguleikum hans til þess á þann hátt, sem gert hefir verið, og með því enn fremur að telja verður ráðstöfun lögreglunnar á mjólkinni til Mjólkurfélags Reykjavíkur lögmæta og að rétt hafi verið að vísa áfrýjanda þangað um greiðslu andvirðis mjólkurinnar, þá þykir bera að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í máli þessu, svo sem gert hefir verið í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Ingvars Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er skv. samkomulagi aðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útg. 19. marz 1936, af Ingvari Guðmundssyni, bónda í Arnarnesi, Garðahreppi, Gullbringu-

sýslu, gegn lögreglustjóra Reykjavíkur. Gerir stefnandi þær kröfur: 1) að það verði dæmt brot á atvinnufrelsinu, að hann var sviptur markaði fyrir mjólk sína í Reykjavík á tímabilinu frá 29. október 1934 til áramóta 1934 og 35, 2) að honum vegna markaðsskerðingarinnar verði dæmdar kr. 96.00 í skaðabætur fyrir sölubannið þennan tíma, 3) að sér verði tildæmt söluverð mjólkur, er lögregla Reykjavíkur tók af honum 29., 30. og 31. október 1934, að upphæð kr. 27.36, og loks 4) að sér verði tildæmdir 5% ársvextir af kr. 123.36 frá stefnudegi til greiðsludags.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að 29., 30. og 31. október 1934 var stefnanda meinað að fara með mjólk til viðskiptamanna sinna hér í bænum af lögreglu bæjarins, þar eð talið var, að honum væri það óheimilt skv. bráðabirgðalögum nr. 49 frá 1934 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. Þar eð stefnandi vildi ekki flytja mjólkina heim aftur, fól lögreglan Mjólkurfélagi Reykjavíkur hana til sölu og fengust fyrir hana nettó kr. 20.18, er enn stendur inni hjá Mjólkurfélaginu á nafni stefnanda.

Þessar aðgerðir lögreglunnar telur stefnandi hafa verið óheimilar og hefir hann því höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Í ákvæði um stundarsakir í áðurgreindum bráðabirgðalögum, er þegar gengu í gildi, er svo ákveðið, að til áramóta 1934 og 35 sé framleiðendum mjólkur heimilt að selja mjólk sína ógerilsneydda beint til neytenda innan bæjar eða sveitarfélags framleiðenda. Stefnandi var hinsvegar með mjólk sína ógerilsneydda og ætlaði að selja hana utan sveitarfélags síns, sem telja verður, að honum hafi verið óheimilt eftir gagnályktun frá ákvæði bráðabirgðalaganna um stundarsakir. Það verður því talið, að lögreglunni hafi verið heimilt að koma í veg fyrir mjólkursölu stefnanda, þar eð telja verður bráðabirgðalögin fullgild og að þau brjóti ekki í bág við stjórnarskrána. Ráðstöfunin á mjólkinni til Mjólkurfélagsins verður og að teljast hafa verið heimil, þar eð ekki verður séð, að lögreglan hafi eins og á stóð getað gert aðra heppilegri ráðstöfun á henni í þágu stefnanda. Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda athugaðir með hliðsjón af framanskraðu.

1. Rétturinn telur þessari kröfu ranglega beint að stefnd-

um, og verður hún þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

2. Rétturinn telur enga athöfn lögreglunnar í sambandi við mjólkursölu stefnanda hafa verið þess eðlis, að stefnandi geti hafa öðlazzt nokkra skaðabótakröfu á hendur stefndum út af sölubanninu og verður stefndur því sýknaður af þessum kröfulið.

3. og 4. Sýknukröfu sína af greiðslu andvirðis mjólkur þeirrar, er lögreglan tók af stefnanda, byggir stefndur á því, að stefnandi geti, hve nær sem er, tekið andvirði hennar hjá Mjólkurfélagi Reykjavíkur, þar eð upplýst sé, að andvirðið standi þar inni á nafni stefnanda.

Eins og áður segir, telur rétturinn stefndan hafa gert það eina, sem eftir atvikum virðist hafa verið mögulegt að gera til að gera stefnanda mjólkina verðmæta, og verður ekki talið, að honum hafi borið skylda til að hefja andvirðið og afhenda stefndum það, heldur hafi hann eins og á stóð fullnægt skyldu sinni með því að selja mjólkina og veita stefnanda ráðstöfunarrétt yfir andvirði hennar. Þessi kröfuliður verður því heldur ekki tekinn til greina. Skv. þessu verður ekki um það að ræða, að stefndum verði tildæmdir neinir vextir.

Úrslit málsins verða því skv. framansögðu þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda og á stefnandi að greiða honum kr. 25.00 í málskostnað.

Föstudaginn 14. maí 1937.

Nr. 52/1936. Réttvísín og valdstjórnin

(Theódór B. Línal)

gegn

Óskari Valdimar Eggertssyni, Sigurlaugu Sigurbjörnsdóttur, Guðrúnu Guðmundsdóttur og Sessilíusi Sæmundssyni (Jón Ásbjörnsson).

Fjórar manneskjur ákærðar fyrir brot gegn 26. kap. hegningarláganna og lögum nr. 47 frá 1932.